

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	9.12.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Fulltrúi UST	Eva Dögg Kristjánsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Hannesson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik þar sem að ál mælist yfir starfsleyfismörkum í frárennsli. Þrjú eldri frávik eru í eftirfylgni hjá stofnuninni. Umhverfisstofnun getur ekki samþykkt tillögu rekstraraðili að úrbótaáætlun vegna fráviks er varða mat á losun í útblæstri frá reykhreinsivirkjum fyrr en greinagerð rekstraraðila varðandi þetta atriði hefur borist stofnuninni. Sömuleiðis eru mælingar á ryksöfnunarbúnaði (Samúel) fyrirhugaðar í apríl/maí 2016. Þegar niðurstöður þeirra liggja fyrir verður lagt mat á hvort ráðast þurfi í frekari úrbætur.

Í eftirlitinu voru gerðar fjórar athugasemdir við gögn sem þarf að uppfæra.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara á yfir úrbætur vegna fráviks frá síðasta eftirliti varðandi mælingar í útblæstri. Lögun og stærð útblástursops frá reykhreinsvirki (síuhúsum) gerir það að verkum að það er vandkvæðum bundið að mæla útblásturinn eftir reykhreinsvirkið. Rekstraraðili kynnti tillögu að endurbótum með eftirliti á ástandi síupoka í virkinu og mati á losun út um reykhreinsvirkið út frá því.

Einnig var rætt um annað frávik sem kom upp í síðasta eftirlit þar sem að ryksöfnunarbúnaður frá aftöppun (Samúel) virkar ekki sem skyldi. Rekstraraðili kynnti mögulegar úrbætur vegna fráviksins. Stefnt er að mælingum í apríl/maí 2016.

Þá var farið yfir aðrar helstu ryk uppsprettur í verksmiðjunni. Útsteyping frá ofni 3, mötun, mölun og sigtun fer fram innanhúss þar sem að undirþrýstingur ríkir sem gerir það að verkum að afgangi stígur upp um þakop og þakháfa í rjáfri. Þar eru mælingar gerðar árlega. Útsteyping frá ofni 1 og 2 fer fram í lokuðu rými með reykhettu (gufugleypir). Rekstraraðili hefur aukið þrif á verksmiðjugólfum í vinnslusalnum.

Rætt var um uppfærslu mæliáætlunar. Samþykkt mæliáætlun liggur ekki fyrir eins og er. Umhverfisstofnun mun meta tillögu rekstraraðila að úrbótum vegna útstandandi fráviks og gera viðeigandi kröfur í mæliáætlun í samræmi við þær. Þangað til skal rekstraraðili starfa eftir tillögu að mæliáætlun sem barst stofnuninni í tölvupósti 28. maí sl. Í mæliáætluninni skal tekið fram að ekki er unnið með saltsýru og flússýru í núverandi vinnslu.

Þá var rætt um óhapp sem átti sér stað í júlí sl. þar sem að ofhitnun varð í þéttaherbergi. Ofn 1 sló út við atvikið og skerðing kom á ofna 2 og 3 tímabundið. Lítilsháttar olíuleki varð úr þéttunum sem var þurrkaður upp samstundis.

Núverandi viðbragsáætlun og áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda er frá árinu 2007 en viðbragsáætlunin er endurskoðuð árlega. Í eftirlitinu kom fram að viðbragsáætlunin þarfnaðist endurskoðunar og var ný útgáfa send stofnuninni 16. desember sl. Rætt var um framsetningu upplýsinga um úrgang í grænu bókhaldi og skýrslu um rekstur reykhreinsivirkja og meðhöndlun aukaafurða og í grænu bókhaldi.

Samkvæmt úrbótaáætlun vegna fráviks þar sem að SO₂ mældist of oft yfir sólarhringsmörkum átti að endurreikna olftdreifilíkan SO₂ umhverfis verksmiðjuna eftir að loftgæðastöð að Gröf hafði verið eitt ár í rekstri. Áhrifa eldsossins í Holuhrauni gætti í loftgæðastöðvunum auk þess sem að búnaður í Stekkjarási var lánaðar annað að ósk Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili hefur hafið undirbúning að endurskoðun olftdreifilíkansin

Að lokum var rætt um niðurstöðurstöður frárennismælinga. Í skýrslunni er lagt mat á tengsl svifefnastyrks við úrkomu til að gefa gleggri mynd um meðalstyrk svifefna í frárennsli yfir árið. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við aðferðafræðina.

Frávik frá

Grein 2.12 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Ál mælist yfir starfsleyfismörkum. Mæling frá september sýnir

meðalstyrk 1,4 mg/L en starfsleyfismörkin eru 1 mg/L.

ATHUGASEMDIR

Gera þarf betur grein fyrir úrgangsflokkum og magni í ársskýrslu og grænu bókhaldi.

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda þarfnast endurskoðunar en núverandi mat er frá 2007.

Mælingar á þungmálum í kísilryki sem gerðar voru 2014 ber ekki saman við útreiknuð gildi og óskar stofnunin því eftir nánari upplýsingum um útreikninga og mæliaðferðirnar.

Endurskoða þarf umhverfisvöktunaráætlun fyrir iðjuverin á Grundartanga. Taka þarf ný fyrirtæki inn í vöktunaráætlunina og þær kröfur sem gerðar eru um umhverfisvöktun vegna þeirra.

ANNAÐ

Samkvæmt starfsleyfi skal rekstaraðili tilkynna Umhverfisstofnun um atvik þar sem að reykslepp stendur yfir lengur en 3 klst en rekstraraðili hefur sett sér að tilkynna öll tilvik um reyslepp sem eru yfir 15 mínútur. 1. október sl. var tilkynnt um reykslepp sem stóð yfir í 35 mínútur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.01.2016

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir